



Fundur í stjórn Þekkingarsetursins 18.9.2012, kl. 16:00.

Mættir: Arnar Þór Sævarsson, Valgarður Hilmarsson, Elín Sigurðardóttir, Jóhanna Halldórsdóttir, Þóra Sverrisdóttir, Hörður Rikharðsson, Katharina Schneider, Gunnar Tryggvason, Erla Björk Örnólfsdóttir.

1. Samningur við Farskólann. Gunnar gerði grein fyrir samstarfssamningi við Farskólann varðandi Háskólanám og eflingu þessa á svæðinu. Hann velti einnig fyrir sér fyrirkomulaginu á námsverinu og rekstri þess. Umræður urðu um hvernig best væri að standa að eflingu háskólanáms á svæðinu og hvernig ráðuneytið og háskólar t.d. sjá það fyrir sér. Fram kom að fyrirhugað dreifnám gæti átt samleið með þeim verkefnum sem hér eru á döfnni eða fyrirhuguð. Rætt um leigukjör og húsnæðismál. Gunnari falið að gera breytingar á fyrirbyggjandi samningsdrögum í samræmi við umræðurnar.
2. Katharina gerði grein fyrir húsnæðismálum, leigukjörum ofl. Fram kom tillaga um að reynt yrði að fá hófleg leikukjör í það minnsta fyrsta árið á meðan það skýrist hvernig starfseminni reiðir af. Rætt um gistingu og útleigu á henni, miðað skal við að einungis þeir sem eru samstarfsaðilar í verkefnum og þurfa að dveljast hér vegna starfseminnar hafi aðgang að þessari gístaðstöðu.
3. Stefnumótunarfundur á mánudaginn í Blöndustöð frá kl. 13:00 til 18:00. Rætt um boðanir og fyrirkomulag.
4. Ráðning starfsmanna. Rætt um laxfiskarannsóknir og möguleika á rannsóknarstöðu á því sviði. Rætt hefur verið við Veðimálastofnun um hugmyndir sem eru á byrjunarstigi. Rætt um rannsóknarhugmyndir á ýmsum sviðum.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið.